

Umsagnir við umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í Bakka- og Skorholtsnámu og svör framkvæmdaraðila.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 1.3.22	
1.1	„Náttúrufræðistofnun gaf umsögn til Skipulagsstofnunar 10. júní 2021 varðandi tillögu að matsáætlun sömu framkvæmdar. Stofnunin benti meðal annars á hátt vísindalegt gildi setmyndana, sem mynduðust í síðjökultíma og eru hluti af mun stærri heild“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara framkvæmdaraðila.
1.2	„Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum sýnir hámarksútbreiðslu jökulsins úr Borgarfirði fyrir um 12.800 árum og að á þeim tíma hafi sjávarstaða verið í 52 m hæð yfir núverandi sjávarborði. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum liggur norðan við námusvæðið en hann er einn best varðveitti jökulgarður landsins frá þessum tíma. Námusvæðið er í gamalli óseyri sem myndaðist framan við jökulinn og við háa sjávarstöðu á síðjökultíma. Lárétt leir- og siltlög sem finnast í botni malarnámunnar marka forna hafsbótinn sem óseyrin byggðist út á.“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara framkvæmdaraðila
1.3	„Leita þarf áhlits jarðfræðings með sérþekkingu í ísaldarjarðfræði til að taka út jarðsnið sem varðveitt verða í vísindalegum tilgangi og til fræðslu.“	Framkvæmdaraðili mun leita áhlits jarðfræðings með sérþekkingu í ísaldarjarðfræði þegar skipulag á varðveislu jarðlags mun fara fram.
1.4	„Gera þarf ráðstafanir vegna áætlana um dýpt námunnar, þ.e. mesta dýpi er áætlað um 25 metrar. Fyrirbyggja þarf hrun í námuveggjum og girða af námuna að ofanverðu þar sem hún er dýpst (austast á svæðinu). Ekki er nóg að setja skilti.“	Framkvæmdaraðili vísar í kafla 2.4.2 í umhverfismatsskýrslu þar sem fjallað er um umferð, aðkomu og öryggi. Þar segir að við því sé að búast að brattar hlíðar muni myndast og fallhætta geti orðið nokkur. Með því að gera hlíðar aflíðandi telur framkvæmdaraðili að hægt sé að koma í veg fyrir fallhættu að mestu leyti. Sjái framkvæmdaraðili fram á að af framkvæmdinni stafi hætta mun vera sett girðing þar sem þörf er á.
1.5	„Kanna þarf hættu á mengun grunnvatns innan námunnar og gera viðbragðsáætlun því tengdu“	Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu þá verður efni flutt á yfir í Hólabrúnámu þar sem framkvæmdaraðili er með tækjabúnað til að fullvinna efnið. Því verður afar lítil starfsemi á sjálfri Bakka- og Skorholtsnámu sem af stafar mikil mengunarhætta.

		<p>Reglulegt viðhald er með efnisvinnslutækjum framkvæmdaraðila og þeim haldið við til þess að ekki sé hætt á mengun frá tækjabúnaði</p> <p>Aftur á móti kemur fram í umhverfismatsskýrslu að á staðnum verði einn 3.000 lítra olútankur sem ætlaður er hjólaskóflu, beltagröfu og hörpu. Til að fyrirbyggja mengun frá olútanki verður sett olúgildra undir olútank ásamt árekstrarvörnum í kringum tankinn.</p> <p>Framkvæmdaraðili mun fylgjast vel með hvort einhvers staðar megi finna olúleka og komi til olúslýss mun framkvæmdaraðili bregðast við slysi með viðeigandi hætti.</p>
1.6	<p>„Mikilvægt er að skoða samlegðaráhrif við efnistökusvæðið í Skorholtsmelum, námusvæðið austan við Bakkanámu. Þar er einnig fyrirhuguð stækkun á námusvæði um rúma 12 ha og vinna allt að 2,5 milljón m³ af efni, úr þessari sömu fornu óseyramyndun frá síðjökultíma“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um samlegðaráhrif við Skorholtsnámu fyrir þá umhverfisþætti sem voru metnir í skýrslunni.</p> <p>Við vinnslu námunnar verður tekið mið af því að mikil efnisvinnsla er á svæðinu og verður horft til þess að takmarka áhrif eftir því sem við á.</p>
2	Hvalfjarðarsveit, dags. 23.02.22	
2.1	<p>„Sveitastjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu en vísar að öðru leyti til ábendinga í fyrri bókun sveitastjórnar“</p>	<p>Umsögn Hvalfjarðarsveitar krefst ekki svara. Varðandi ábendingar sem lagðar voru fram í fyrri bókun sveitastjórnar vísar framkvæmdaraðili í lið 2.1a</p>
2.1a	<p>Í umsögn Hvalfjarðarsveitar vísar sveitarfélagið í ábendingar í fyrri bókun sveitarstjórnar. Framkvæmdaraðili hefur fundið umræddan bókun. Í eftirfarandi bókun segir:</p> <p>„ Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd telur að framsett tillaga að matsáætlun lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og að þeir umhverfisþættir sem til stendur að meta séu lýsandi fyrir umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Nefndin gerir því ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun. Nefndin vekur athygli á því að efnistökusvæði í landi Skorholts er ekki á gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitarf 2008-2020 en gert er ráð fyrir námu í tillögu að nýju aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Nefndin bendir á að vanda þurfi umgengni á vinnslutíma námunnar</p>	<p>Framkvæmdaraðili er meðvitaður um að frá framkvæmdarsvæði getur komið til sandfoks og vísar til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu varðandi mótvægisáðgerðir þar um.</p> <p>Varðandi ábendingar sveitarfélagsins um frágang á þeim hlutum námunnar sem búið er að vinna, vísar framkvæmdaraðili tli kafla 2.4.6 í umhverfismatsskýrslu, <i>Frágangur svæðis og áætlun jarðvegsmana</i>. Í kaflanum er ítarlega lýsing á hvernig frágangi verður háttað samhliða vinnslu námunnar.</p> <p>Framkvæmdaraðili er meðvitaður um að sækja þurfi um leyfi fyrir efnistöku af þessari stærð og verður tilheyrandi leyfum aflað.</p>

	<p>og tryggja sem best að ekki verði fok frá námunni. Jafnframt bendir nefndin á að þeim námum eða námuhlutum sem lokið er við efnisvinnslu á, verði lokað ásamt umhverfisfrágangi. Þá bendir nefndin á að malarnámur og efnistökusvæði af þessari stærð þurfa að hafa starfsleyfi.“</p> <p>Heimild: https://www.hvalfjardarsveit.is/is/stjornsysla/fundargerdir-og-skyrslur/allar-fundargerdir/umhverfis-skipulags-og-naturuverndarnefnd/1179#2102056</p>	
3	Umhverfisstofnun, dags. 26.1.22	
3.1	„Á þessum stað hefur verið stunduð efnistaka um áratuga skeið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að halda áfram efnistöku við þessar aðstæður í stað þess að byrja að nýju annars staðar.“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara að mati framkvæmdaraðila.
3.2	„Fram kemur í greinargerðinni að helstu áhrif efnistökkunnar geti verið sjónræn áhrif auk óþæginda vegna foks fínefna úr námunni. Umhverfisstofnun telur þetta rétt mat“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara að mati framkvæmdaraðila.
3.3	„Umhverfisstofnun telur umfjöllum um efnistökkuna góða sem og skilgreining helstu umhverfisáhrifa. Að mati Umhverfisstofnunar gæti orðið erfitt að aðlaga mjög djúpa gryfju að landi eins og fram kemur í greinargerð og gæti vatn sem stendur uppi í botninum gert frágang erfiðari. Í raun væri betra að aðlaga svæðið að landi því stærri sem gryfjan er, en alls er óvíst að efnistöku ljúki á þessum stað með þeirri efnistöku sem hér er til umfjöllunar.“	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Umhverfisstofnunar. Með þeim aðferðum sem lýst var í umhverfismatsskýrslu mun framkvæmdaraðili aðlaga framkvæmdarsvæðið að landi eins vel og hægt er.</p> <p>Framkvæmdaraðili hefur ekki ákveðið hvort áframhaldandi efnistaka fari fram á svæðinu eftir að efnistöku þessari lýkur en komi til þess mun frágangsráttun verða endurskoðuð með tilliti til þess landssvæðis sem félli undir áframhaldandi efnistöku.</p>
5	Vegagerðin, dags. 25.1.22	
5.1	„Vegagerðin hefur kynnt sér umhverfismatsskýrslu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum sem geta haft umhverfisáhrif og gerir ekki athugasemd“	Umsögnin krefst ekki svara framkvæmdaraðila.
6	Minjastofnun Íslands, dags. 15.2.22	
6.1	„Ekki er fjallað um fornleifar í umhverfismatsskýrslu. Minjastofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun fyrirhugaðrar efnistöku með	Framkvæmdaraðili þakkar Minjastofnun Íslands fyrir ábendingar. Umsögnin krefst ekki frekari svara framkvæmdaraðila.

	<p><i>bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 07.06.2021. Þar kom fram að fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2003, Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Skorholti. Skráningin er barns síns tíma og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Engar fornleifar voru skráðar innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Í umsögninni sagði einnig að starfsmaður Minjastofnunar Íslands, minjavörður Vesturlands, hafði skoðað svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar fundust um fornleifar á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Í umsögn um tillögu að matsáætlun efnistökkunnar kom fram að Minjastofnun gerði ekki kröfu um að fornleifar yrðu skráðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum umræddar efnistöku í landi Skorholts“</i></p>	
6.2	<p><i>„Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar (nr. 80/2012) sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort merki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands“</i></p>	
7	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, dags. 8.4.22	
7.1	<p><i>„Í bréfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til Skipulagsstofnunar 24. júní 2021 er gefið umsögn um málið á fyrri stigum. Í bréfinu er upplýst um að misræmi sé í upplýsingum milli þess sem sagt er í skýrslu Environice um óraskað land Bakkanámu, ekki hafa gengist skýringar á þessu en misræmið virðist enn vera til staðar.“</i></p>	<p>Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum við tillögu að matsáætlun kemur eftirfarandi fram: Líklegt er að misræmi þetta megi rekja til þess að munur sé á því hvaða svæði hefur verið mælt í þessum tveimur tilfellum. Mælingar framkvæmdaraðila á flatarmáli raskaðs svæðis sýna að flatarmál sjálfrar námunnar, þaðan sem efni hefur verið numið, er tæplega 6 ha. Rúmlega 8 ha svæði nær töluvert út fyrir raskað svæði Skorholtsnámu. Þegar</p>

		raskað svæði er til umfjöllunar þykir rétt að mæla það eingöngu, sem er sem fyrr segir tæpir 6 ha.
7.2	„Æskilegt hefði verið að unnið væri eitt umhverfismat fyrir allt svæðið í stað þess að það sé metið í tvennu lagi. Samtals er verið að tala um að unnið efni úr námunum tveimur geti numið tæplega 4 milljónum m ³ , í þessum hluta er fjallað um vinnslu á 1,4 milljón m ³ . Í kafla 2.3 er gerð grein fyrir að ætla megi að samlegðaráhrifa gæti frá námunum að vissu leyti.“	Í ákvörðun Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun tekur stofnunin fram að mikilvægt sé að gera grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku á vegum BM Vallár í Skorholtsnámu og leggja mat á samlegðaráhrif námanna á þá umhverfisþætti sem verða til umfjöllunar í umhverfismati Hólaskarðs. Framkvæmdaraðili telur að svo hafi verið gert í umhverfismati framkvæmdarinnar og gefi umhverfismatsskýrsla góða heildarsýn á umhverfisþætti sem til umfjöllunar eru í skýrslunni.
7.3	„Fram kemur að með aukinni umhverfisvitund hafi kröfur á efnistökusvæði aukist. Í auknu mæli hafi kaupendur efnis ætlast til að efnið komi frá viðurkenndum námum sem séu með tilheyrandi leyfi. Það á þó ekki við um Bakka- og Skorholtsnámu sem hefur ekki starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og hefur ekki verið sótt um það þó svo að bent hafi verið á þetta í ofangreindu bréfi eftirlitsins dagsett 24. júní 2021. Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsleyfisskyldu framkvæmdarinnar.“	Þekkt er að efnistaka hefur farið fram víða um land án þess að tiltekin leyfi séu fyrir hendi og er framkvæmdaraðili nú meðvitaður um að viðeigandi leyfa hafa ekki verið aflað fyrir efnistöku í Bakkanámu til þessa. Eftir að Skipulagsstofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmdina og gefið út álit, mun framkvæmdaraðili sækja um öll leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að hafa vegna að efnistöku í Bakka- og Skorholtsnámu.
7.4	„Fordæmi eru fyrir því að í starfsleyfum sem heilbrigðiseftirlit gefur út séu ákvæði um frágang svæða í áföngum. (t.d. starfsleyfi Ístaks á Leirvogstungumelum). Starfsleyfisútgáfa fyrir námur hefur þó því miður ekki verið í nógu föstum skorðum og það þarf með einhverjum hætti að tryggja frágang námu að námuvinnslu lokinni. Við starfsleyfisvinnslu yrði kannað hvort heimildir eru í lögum fyrir því að krefja rekstaraðila um að leggja fram tryggingu fyrir frágangi svæða þannig að hún sé fjármögnuð jafnvel þó rekstaraðili færi í þrot eða missi áhugann á svæðinu eftir að efnisvinnslu lýkur. Einnig kæmi til greina að gefa út starfsleyfi fyrir þann hluta sem unninn er til fulls og síðan frágenginn á starfsleyfistímanum. Lagt er til að framkvæmdaraðili skipti svæðinu upp í framkvæmdatímabil þar sem áætluð vinnsla er metin fyrir líftíma námunnar.“	Framkvæmdaraðili vísar í kafla 2.4.5 <i>Vinnsluáætlun</i> og kafla 2.4.6 <i>Frágangur svæðis og áætlun jarðvegsmana</i> í umhverfismatsskýrslu en þar fjallar framkvæmdaraðili um þær áskoranir sem fyrir hendi eru varðandi áfangaskiptingu framkvæmdar og frágang. Jafnframt er umfjöllun um þær leiðir sem framkvæmdaraðili sér fyrir sér að fara við frágang svæðisins samhliða vinnslunni og eftir að vinnslu lýkur. Framkvæmdaraðili telur áform um frágang á svæðinu vera skýr og áreiðanleg. Telji Heilbrigðiseftirlit Vesturlands þörf á frekari tryggingu mun framkvæmdaraðili hafa samráð við leyfisveitendann við leyfisumsókn.

7.5	<p>„2.4.2 Umferð, aðkoma og öryggi Heilbrigðiseftirlitið telur mikilvægt að aðkoma að svæðinu sé lögð bundnu slitlagi og að dekkjaþvottavélar séu staðsettar við útaksturssvæði til að koma í veg fyrir rykmengun það væri alveg rakið fyrir rekstraraðila námanna tveggja að reka slíka stöð sameiginlega. Á þetta var bent í umsögn á fyrri stigum en ekki hefur verið brugðist við því. Nema í kafla 4.4.5 er gefið í skyn að bílar verði þrífir ef á því er þörf en ekki skýrt með hvaða hætti það verður gert. Betur mætti festa þetta þannig að það sé dekkjaþvottavél við útakstursleið áður en komið er inn á bundið slitlag. Þetta felur bæði í sér mótvægisáðgerð vegna rykmengunar og einnig að ekki berist óhreinindi uppá Vesturlandsveg með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu“</p>	<p>Framkvæmdaraðili hefur hafið vinnu við formlegt erindi til Vegagerðarinnar þar sem endurbóta verður óskað á vegamótum Melarsveitarveggar og Versturandsveggar. Vegurinn er í eigu Vegagerðarinnar og er endanlega ákvörðun um hvernig og hvort uppbygging vegarins fer fram á höndum Vegagerðarinnar. Jafnframt vísar framkvæmdaraðili í svar við umsögn heilbrigðiseftirlitsins við tillögu að matsáætlun en þar bendir framkvæmdaraðili á að bundið slitlag liggja að afleggjaranum við námuvinnslusvæðið. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að bundið slitlag sé lagt frá afleggjaranum og inn að námunni sjálfri, enda sé um afar stutta vegalengd að ræða.</p> <p>Efnið í Bakkanámu telst vera hreint efni og telur framkvæmdaraðili að óverulegt magn af ryki og óhreinindum berist með umferð bílanna úr námunni og á bundna slitlagið. Þá telur framkvæmdaraðili líklegt að efninu í Bakka- og Skorholtsnámu svipi til efnisins í Bakkanámu og að ekki sé þörf á slíkri dekkjaþvottavél.</p> <p>Ef reynslan sýnir fram á að mikið ryk og óhreinindi berst frá Bakka- og Skorholtsnámu mun framkvæmdaraðili endurmeta þörf á dekkjaþvottavél fyrir námuna.</p>
7.6	<p>„2.4.3 Starfsmannaástaða Heilbrigðiseftirlitið setur spurningu við flutning á neysluvatni frá Hólabrú. Það er í sjálfu sér ekki bannað en æskilegt væri að vatnstaka á neysluvatni væri á staðnum ef möguleiki er á því, það væri meira í samræmi nútíma kröfur en mat á þessu fellur undir vinnueftirlit.</p> <p>Gera má ráð fyrir að leggja þurfi siturlögn frá fráveitumannvirkinu til að ná tilsettum árangri í bakteríuniðurbroti í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp“</p>	<p>Einungis tveir starfsmenn munu verða við dagleg störf í námunni. Framkvæmdaraðili metur svo að ekki sé þörf á vatnstöku fyrir neysluvatn fyrir starfsmenn svæðisins heldur nægi að flytja neysluvatn frá Hólabrú daglega.</p> <p>Lífrænni fráveituhreinsistöð verður komið fyrir við starfsmannaaðstöðu. Hægt er að vakta hreinsigetú stöðvarinnar, m.a. bakteríuniðurbrot og mun framkvæmdaraðili sjá til þess að svo verði gert. Náist tilsettur árangur ekki í bakteríuniðurbroti mun framkvæmdaraðili, í samráði við Heilbrigðiseftirlitið, leggja siturlögn frá fráveitumannvirkinu.</p>
7.7	<p>„2.4.5 Vinnsluáætlun Það verður ávallt krafa í starfsleyfi að vatn safnist ekki fyrir á svæðinu. Ekki er gerð athugasemd við tillögur framkvæmdaáðila að því hvernig þetta verður leyst.“</p>	<p>Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara framkvæmdaraðila.</p>

7.8	<p>„2.4.6 Frágangur og áætlun jarðvegsmána Heilbrigðisfirtilitið telur að skoða megi möguleika á því að flytja jarðveg inn á svæðið til að minka dýpi námunnar að framkvæmd lokinni og reka þar jarðvegstipp samhliða námurekstri.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir þennan hluta athugasemdarinnar og telur vert að skoða möguleika þess að flytja jarðveg inn á svæðið að vinnslu lokinni.</p>
7.9	<p>„4.3.5 Mótvægisáðgerðir Það lítur út fyrir að íbúar á Bakka geti orðið fyrir talsverðu áfoki úr Skorholtsnámu og er í skýrslunni upplýst að byggð verði jarðvegsmön til að draga úr þessu. Undirritaður þekkir ekki vel hversu vel jarðvegsmön nýtist í þessum tilgangi þó hún geti verið ágæt til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þá gæti verið að skjólbelti úr öspum sem dæmi gæti hentað betur eða jafnvel samhliða þó svo að það taki nokkur ár að fá þá virkni í gagnið.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar sökum sandfoks og metur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg á umhverfisþáttinn. Út frá grunnástandi svæðisins er líklegt að skemmdir sökum sandfoks megi líklega rekja til jarðvegshóla sem staðsettir eru í Skorholtsnámu. Bakkanáma og fyrirhuguð Bakka- og Skorholtsnáma eru niðurgrafnar og er það mat framkvæmdaraðila að sandfok frá efnistökusvæðunum sé óverulegt. Ekki er þó hægt að útiloka að skemmdir á nærliggjandi mannvirkjum sé tilkomnar að einhverju leyti sökum framkvæmda við Bakkanámu.</p> <p>Með því að framlengja núverandi mön til austurs myndast einskonar skjólveggur frá námusvæðinu og telur framkvæmdaraðili að mönin grípi laus efni, að miklu leyti, áður en þau berast til nærliggjandi mannvirkja. Mönin verður þá einnig ræktuð upp til þess að minnka enn frekar líkur á því að laus jarðefni sem á yfirborði eru geti fokið og valdið neikvæðum áhrifum.</p> <p>Framkvæmdaraðili þakkar ábendingu varðandi ræktun á öspum og mun skoða þann möguleika til að lágmarka áhrif sökum sandfoks.</p>
7.10	<p>„7. Heimildaskrá Ekki er að sjá að fagleg úttekt hafi farið fram á gróðri.“</p>	<p>Í tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina vinsaði framkvæmdaraðili umhverfisþættina <i>Gróður og vistgerðir</i> frá umhverfismati, byggt á grunnupplýsingum um framkvæmdarsvæðið og nágrenni þess. Skipulagsstofnun féllst á tillögu að matsáætlun og gaf út ákvörðun um matsáætlun 6. ágúst 2021. Að því gefnu var ekki framkvæmd fagleg úttekt á gróðri.</p>

7.11	<i>„Svo er að sjá að íbúar á Bakka verði fyrir hvað mestum áhrifum af námavinnslu á svæðinu og óvíst hvort mótvægisáðgerðir eru nægjanlegar til að þessi áhrif þar verði ásættanleg“</i>	Framkvæmdaraðili hefur haft samráð við landeigendur á bænum Bakka og mun samráð við landeigendur halda áfram samhliða vinnslu svæðisins til þess að lágmarka óþægindi þeirra eins og kostur er.
------	--	---